



## 384. Stjórnarfundur haldinn 1. des. 2011 kl:17:00

Mættir:

Einar Haraldsson, Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (ÞMK), Sigurvin Guðfinnsson (SG), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA), Guðjón Axelsson (GA) og Bjarney S. Snævarsdóttir. (BS)

### 1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

### 2. Innkominn bréf.

Afrit af umsókn skotdeildar í fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ. *Móttakið.*

Bréf frá Ríkisskattstjóra v/ niðurfellingar á útvarpsgjaldi. *Móttakið.*

Bréf frá Gunnari Jóhannssyni formanni körfuknattleiksdeildar v/ uppsetningar á sjálfsölum í anddyri íþróttahúss og félagsheimili. *Aðalstjórn gerir ekki athugasemdir og samþykkir erindið.*

### 3. Send bréf.

Engin.

### 4. Jólblað Keflavíkur.

EH sagði frá því að jólblaðið væri 40 síður og tilbúið til prentunar. Blaðið verður borið út helgina 9.- 11. des, og sér 9. flokkur drengja í körfu um dreifinguna.

### 5. Málefni körfuknattleiksdeildar.

Tölvupóstur frá formanni körfuknattleiksdeildar v/ aðstoðar við greiðslu á framkvæmdastjóra, en erindinu var frestað á síðasta fundi. *Hafnað að taka þátt í greiðslu á framkvæmdastjóra, en samþykktur styrkur að upphæð fimmhundrað þúsundkrónur til deildarinnar. Framkvæmdastóra falið í samvinnu við stjórn deildarinnar hvar þessi styrkur nýtist best.*

### 6. Hringbraut 108.

Leigutaki hefur óskað eftir að gera nýjan þriggja mánaða samning um leigu á húnæðinu með mun lægri leigu. Umræður um málið. *Samþykkt að heimila framkvæmdastjóra að ganga frá málinu með það í huga að fá aðeins hærra leiguverð en um var beðið.*

### 7. Önnur mál.

EH las tölvupóst frá Jóhannesi Ellertssyni Stafnvík um stöðu mála en aðalfundi Stafnvíkur var frestað til 5. des.

Stöð2 og stöð2 sport í félagsheimilið sem frestað var á síðasta fundi tekið fyrir. *Samþykkt að kaupa áskrift af sportrásum Stöðvar 2 frá 1. janúar 2012 til 31. maí 2012. Framkvæmdastjóra falið málið.*

Umræður um að halda formannafund. *Framkvæmdastjóra falið að finna tímasetningu.*

EH sagði frá því að hann hafi setið málþing um sjálfboðaliða sem haldið var af Almannaheillum í HÍ 1. des.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:30

Fundinn ritaði SG

